

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dalabyggð Dalabyggð, Búðardalur



Dags eftirlits	25.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Dalabyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Miðbraut 11	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5106942019	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Viðar Þór Ólafsson bæjarverkstj.	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Umhverfisstofnun veitir hér með formlegt samþykki fyrir lokun urðunarstað Dalabyggðar við Búðardal sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Engar athugasemdir eru gerðar við fráganginn og er hann í samræmi við lokunaráætlun rekstraraðila. Mælingar skulu fara fram skv. mælingaáætlun í fyrirmælum um frágang og vöktun frá 11. júní 2014. Mælingar á stöðu grunnvatns og efnasamsetningu þess munu fara fram í ár. Búið er að gera tvo mælibrunna, einn fyrir ofan staðinn og annan fyrir neðan. Skv. mæliáætlun á að mæla í tveimur holum neðan staðarins og þarf því að setja annan mælibrunn niður neðan staðarins. Vöktun verður endurskoðuð þegar þrjár sýnatökur skv. mælingaáætlun hafa farið fram og niðurstöður þeirra liggja fyrir.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit með urðunarstað Dalabyggðar ofan Búðardals. Um er að ræða urðunarstað sem staðsettur er rúmlega 500 metra norðan við byggðina í Búðardal við Þjóðveg 60, Vestfrarðaveg. Staðurinn var í notkun lengi og var þar m.a. opin brennsla um þó nokkurt skeið. Einnig var þar urðunarstaður fyrir almennan úrgang áður en Sorpuðun Vesturlands tók til starfa árið 1999. Síðasta starfsleyfi fyrir staðinn var gefið út af Hollustuvernd ríkisins árið 2002 og gildi það í 10 ár. Á því tímabili hafði staðurinn heimild til að taka á móti og meðhöndla óvirkan úrgang, garðaúrgang og geymslu á úrgangstimbri. Staðnum var lokað árið 2013.

Gengið var um svæðið í fylgd Viðars Þórs Ólafssonar frá Dalabyggð. Búið er að fjarlægja öll umframefni af svæðinu og grófjafna yfir allt svæðið. Skv. rekstraraðila var töluverðum jarðvegi keyrt yfir svæðið í tengslum við jöfnun þess, þannig að jarðvegshulan væri í samræmi við áætlun um frágang og lokun, eða um 1m. Eftirlitsaðili var ekki með tæki og tól til að sannreyna þykkt jarðvegshulunnar en gerir ekki athugasemdir við fráganginn. Ekki voru sýnileg ummerki um úrgang á yfirborði svæðisins. Ásýnd þess var góð og fellur vel að umhverfinu.

Ekki er talin þörf á að sá í rofin svæði þar sem reynslan sýnir að svæðið grói fljótt upp af sjálfu sér með þeim staðargróðri sem fyrir er. Eldri hluti staðarins er þannig fullgróin þrátt fyrir að ekki hafi verið sáð sérstaklega í það eftir jöfnun svæðisins.

Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um skráningar skv. grein 1.7 í lokunarfyrirmælum og engin skýrsla send til Umhverfisstofnunar. Hægt er að skila niðurstöðum skráninga með upplýsingum um vöktun skv. mælingaáætlun.

Búið er að útbúa tvo grunnvatnsbrunna sem nýta á til vöktunar. Einn fyrir okfan staðinn og annan neðan hans. Skv. mælingaáætlun skulu vera tveir grunnvatnsbrunnar fyrir neðan staðinn. Fyrstu mælingar á grunnvatnshæð og efnasamsetningu í samræmi við lokunarfyrirmæli munu fara fram í ár. Mun Umhverfisstofnun endurskoða fyrirkomulag vöktunar þegar þrjár sýnatökur skv. mælingaáætlun í grein 1.8 hafa farið fram og niðurstöður þeirra liggja fyrir.

Staðurinn er girtur af með fjárheldri girðingu og er læsanlegt hlið við innkeyrslu á svæðið.

ATHUGASEMDIR

Bæta þarf við annarri grunnvatnsholu neðan staðarins svo unnt sé að gera mælingar í samræmi við lokunarfyrirmæli.

Halda þarf utan um niðurstöður skráninga skv. grein 1.7 í lokunarfyrirmælum og senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert. Hægt er að senda niðurstöður skráninga með niðurstöðum mælinga.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.10.2016

Sigríður Kristjánsdóttir